From: Tryggvi Þórhallsson <tryggvi.thorhallsson@frn.is>
Sent: miðvikudagur, 4. nóvember 2026 09:43
To: Félags- og húsnæðismálaráðuneytið <frn@frn.is>
Cc: Jóna Guðný Eyjólfsdóttir <jona.eyjolfsdottir@frn.is>; Hákon Sigurhansson <hakon.sigurhansson@frn.is>; Þórdís Sveinsdóttir <thordis@samband.is>; Guðni Geir Einarsson <gudni.g.einarsson@irn.is>
Subject: Fjárhagslegur stuðningur vegna áskriftarkostnaðar sem fellur til hjá sveitarfélögum við samræmda grunnskráningu í þjónustukerfum fyrir stuðnings- og stoðþjónustu

Tilvísun í mál: FRN25110131

Til allra sveitarfélaga og stjórnenda félagsþjónustu þeirra

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga vinna sameiginlega að því að hrinda í framkvæmd framtíðarsýn um stafræna þróun og gagnamál í félagsþjónustu sveitarfélaga. Unnið er samkvæmt aðgerðaáætlun sem miðar að því að helstu markmið framtíðarsýnarinnar náist fyrir árslok 2028. Verkefnið sem ber heitir *Samræmd grunnskráning félagsþjónustu* er hluti af Stefnu um opinbera þjónustu og felur í sér tilgreindar aðgerðir á aðgerðaáætlun þeirrar stefnu 2026-2029.

Samræmd grunnskráning félagsþjónustu felur í sér að innleiða samræmda skráningu grunngagna um lögbundna félagsþjónustu sveitarfélaga og tryggja að gögnin verði aðgengileg fyrir yfirlit og tölfræðivinnslu á landsvísu.

Til að styðja sveitarfélög við þessa innleiðingu munu félags- og húsnæðismálaráðuneytið og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veita fjárhagslegan stuðning til að mæta áskriftarkostnaði sem fellur til hjá sveitarfélögum vegna þjónustukerfa fyrir stuðnings- og stoðþjónustu. Stuðningurinn verður veittur til ársloka 2028 og er háður því að sveitarfélög innleiði viðeigandi þjónustukerfi, skrái þar upplýsingar um veitta þjónustu og skili samræmdum grunngögnum inn í miðlæga gagnaþjónustu.

Skilyrði fyrir fjárhagslegum stuðningi

Til að eiga rétt á stuðningi þarf sveitarfélag að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Hafa innleitt **þjónustukerfi** (Careon, Dala.Care, Memaxi eða Huginn Care) í útgáfu sem styður leiðbeiningar ráðuneytisins um samræmda grunnskráningu félagsþjónustu.
2. Skrá upplýsingar um **alla stuðnings- og stoðþjónustu** sem sveitarfélagið veitir í viðkomandi þjónustukerfi.
3. Skila **samræmdum grunngögnum** um alla veitta stuðnings- og stoðþjónustu í miðlæga gagnaþjónustu.
4. **Tilkynna** ráðuneytinu þegar framangreind skilyrði hafa verið uppfyllt og tilgreina frá hvaða degi sveitarfélagið telur sig eiga rétt á stuðningi.

Tilkynningu samkvæmt 4. tölulið skal senda á netfangið **frn@frn.is**.

Fjárhæð stuðnings og greiðslufyrirkomulag

Stuðningurinn nemur **1.400 kr. á hvern virkan notanda stuðnings- og stoðþjónustu á mánuði**. Fjöldi virkra notenda er reiknaður sem meðalfjöldi þeirra einstaklinga sem fá stuðnings- og stoðþjónustu dag hvern yfir viðkomandi almanaksmánuð.

Mánaðarlegur stuðningur reiknast því með eftirfarandi hætti:

Stuðningur = Meðalfjöldi virkra notenda á mánuði × 1.400 kr.

Uppgjör stuðnings fer fram á sex mánaða fresti. Stuðningurinn er greiddur á grundvelli reiknings sem hlutaðeigandi sveitarfélag sendir til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins eigi síðar en 30 dögum eftir lok hvers uppgjörstímabils.

Fyrsta uppgjörstímabilið er 1. júlí til 31. desember 2026. Reikningur vegna þess tímabils skal vera dagsettur 31. desember 2026 og berast ráðuneytinu eigi síðar en **15. janúar 2027**.

Ráðuneytið mun á næstu dögum senda sveitarfélögum upplýsingar um heimildir sveitarfélagana til að senda gögn inn í miðlæga gagnaþjónustu og varðandi beiðni um sendingu gagnanna til rekstraraðila þjónustukerfa.

Með þessu fyrirkomulagi er leitast við að styðja sveitarfélög við innleiðingu samræmdrar skráningar innan félagsþjónustunnar og skapa forsendur fyrir áreiðanlegri tölfræði, bættri yfirsýn og markvissari stefnumótun á landsvísu.

Ráðuneytið hvetur sveitarfélög til að innleiða viðeigandi þjónustukerfi og hefja skil samræmdra grunngagna sem fyrst.

Þess er sérstaklega farið á leit að erindi þetta verði tekið til viðeigandi meðferðar innan stjórnsýslu hvers sveitarfélags og þar sem við á einnig innan hlutaðeigandi samvinnuvettvangs sveitarfélaga um félagsþjónustu, þar með talið hjá þjónustusvæðum í málefnum fatlaðs fólks.

Með kveðju f.h. ráðuneytisins,

Tryggvi Þórhallsson
lögfræðingur / Legal Advisor
Skrifstofa félagsmála / Department of Social Affairs
Félags- og húsnæðismálaráðuneytið / Ministry of Social Affairs and Housing
Skúlagötu 4, 101 Reykjavik, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8100
www.frn.is - Fyrirvari/Disclaimer

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing